

STRANDVEGUR 26, Vestm.eyjum.

15 FULLBÚNAR ÍBÚÐIR Í HJARTA MIÐBÆJARINS.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR OG TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (SÉR PDF SKJAL).

Húsið er 4ra hæða steinsteypt fjölbýlishús með kjallara og 15 íbúðum á 3ju og 4ju hæð. Gengið er inn á jarðhæð í sameiginlegt anddyri á jarðhæð, og þaðan er lyfta upp í íbúðir ásamt stigahúsi.

Í kjallara er bílastæðahús, 621 m², verður sambyggt kjallarahæð hússins þar sem er innangengt og lyfta hússins gengur niður í bílastæðahúsið. Þar gefst íbúðareigendum kostur á að kaupa sér stæði í bílastæðahúsinu, og alls verða 10 bílastæði í boði til kaups. Bílastæðahúsið verður með rafdrifinni innkeyrsluhurð og þar verður aðstaða til að hlaða rafbíla sem og þvottaaðstaða fyrir bíla.

Verð pr. bílastæði er kr. 4.000.000.- Jafnframt verða almenn bílastæði ofan á bílastæðahúsinu sem eru fyrir gesti hússins.

Í kjallara er hjóla- og vagnageymsla sem verður með máluðum veggjum, loftum og gólfum, auk geymslna sem fylgja íbúð.

Á jarðhæð sem er 745 m² verður þjónustutengd starfsemi.

Gengið er inn í íbúðir í suð-austur horni sem snýr að Strandvegi, með aðgengi beint að lyftu- og stigahúsi.

Aðgengi:

- 1.hæð – gengið inn frá götu í verslunar- og þjónusturými, ásamt inngangi allra hæða.
- 2.hæð - gengið er inn í sameiginlegan gang sambýlis og þjónustusvæðis fyrir íbúðir.
- 3.hæð - gengið er inn í íbúðir frá lokuðum svalagangi.
- 4.hæð - gengið er inn í íbúðir frá lokuðum svalagangi.

Stærðir íbúða brúttó:

3. hæð - íbúðir frá 74-183 m² með sameign og geymslum.
4. hæð - íbúðir frá 98-195 m² með sameign og geymslum.

Burðarkerfi hússins er staðsteypt. Útveggir eru einangraðir að utan og klæddir litaðri álklæðningu, gluggar verða álklæddir trégluggar, á þaki verður þakpappi, einangrun og farg. Íbúðum er skilað fullbúnum, sbr. meðfylgjandi byggingarlýsing. Lóð er fullfrágengin, gangstéttar hellulagðar og bílastæði malbikuð. Húsið verður með gólfhitalögn. Sameign verður fullfrágengin með flísalögðu anddyri og teppalögðu stigahúsi.

Kaupandi veitir seljanda umboð til að undirrita eignaskiptalýsingu svo og viðauka og seinni tíma breytingar á eignaskiptayfirlýsingu fyrir framangreindar eignir.

Hönnuðir

Bygginganefndarteikningar	Teiknistofa PZ ehf., Kirkjuvegi 23 og ZP architekten, Sviss
Burðarþolshönnun	Teiknistofa PZ ehf., Kirkjuvegi 23
Lagnahönnun	Teiknistofa PZ ehf., Kirkjuvegi 23
Raflagnahönnun	Teiknistofa PZ ehf., Kirkjuvegi 23

Nánari upplýsingar:

Magnús Sigurðsson, framkvæmdastjóri Steina og Olla ehf. s. 893-3095

Ingi Sigurðsson, byggingatæknifræðingur s. 858-3088

Heimaey fasteignasala c/o Guðjón Hjörleifsson löggiltur fasteignasali s.481-1114/895-2548